

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Tröllahraun 12, L202182, Farborgir í landi Miðengis.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til breytinga á byggingarreit Tröllahrauns 12, L202182, auk breytinga á almennum skilmálum er varðar byggingarheimildir innan frístundasvæðis Farborga í landi Miðengis. Í núverandi deiliskipulagi er tilgreint að á lóðum innan svæðisins sé heimilt að reisa geymslu, svefnhús eða gróðurhús þó ekki stærra en 40 fm. Eftir breytingu er gert ráð fyrir að innan lóða sé heimilt að byggja frístundahús, gestahús og geymslu/aukahús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Einungis annað aukahúsið má vera til íveru.

Samþykkt í sveitarstjórn 15. júlí 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 24. september 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Sigríður Kristjánsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 9. október 2025